

Til hamingju Ísland!

Kjallari

Össur Skarphéðinsson
Utanríkisráðherra



,, Lýðræðið, eins og það er útfært í stjórnarskrá landsins, virkaði.

Pað var innistæða fyrir fölskvalausri gleði á mánuðaginn þegar tilindin í Icesave-málinu bárust að utan. Við Íslendingar höfðum fullan sigur í öllum þáttum Icesave-málsins fyrir EFTA-dómstólnum þegar úrskurður fell. Sigur Íslands var svo algjör að ESA, sem kærði okkur, var meira að segja dæmt til að greiða allan málsvarnarkostnað Íslands. Með þessu er rutt úr vegi erfiðustu torfærunni á leið okkar til efnahagslegrar endurreisnar eftir hrun.

Það skipti ekki minnstu að eftir að málíð fór í dómstólaraf vegar var algjör samstaða um það hvernig ætti að reka það. Öll sjónarmið voru tekin inn og þess gætt að ólk sjónarmið ættu fulltrúa í málsvarnarteyminu. Samstaðan skiptir málí og þegar upp er staðið skilarnar hún bestum árangri fyrir Ísland.

Icesave-málið er eitt hið erfiðasta sem við Íslendingar höfum glímt við allt frá því að við unnum okkur sjálfstæði. Þess vegna er niðurstaðan svo ánægjuleg og við getum öll verið stolt af okkar frábæra fólk sem skipaði málflutningsteymi Íslands. Það vann lögfræðilegt meistaraverk í málsvörninni.

Protabúið borgar


Allt hefur staðist sem Ísland hefur sagt um styrk og getu hins fallna banka til að standa straum af lágmarksgreiðslunum sem EES-samningurinn mælti fyrir um. Strax í aliti meiri hluta utan-

ríkismálanefndar frá 5. desember 2008 kom fram sú skoðun að himm fallni banki gæti að líkendum staðið undir öllum tryggingunum. Protabúið er nú þegar búið að greiða út 660 milljarða, þar af 585 í Icesave-innstæðurnar, sem samsvarar röskum 90% af lágmarks-tryggingunni. Icesave-kröfurnar munu þegar upp verður staðið allar verða greiddar af réttum skuldara, þrottabúi Landsbankans.

Allt frá upphafi þessa ólánsmáls haustið 2008 voru allir því sammála að stjórnvöld hér á landi hafi staðið við allar lagalegar skuldbindingar ríkisins. Hins vegar er jafnljóst að Bretland og Holland hafa verið á algjörlega öndverðum meiði. Sjónarmið peirra nutu lengst af viðtæks stuðnings í alþjóðasamfélaginu. Afstöðu okkar var ekki einungis hafnað af þeim, heldur einnig af öllum aðildarríkjum ESB, framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA.

Kjarni samningaleiðarinnar

Haustið 2008 var kannað til þrautar hvort hægt væri að koma málínun til vandaðrar lögfræðilegrar úrlausnar. Slíkt reyndist ekki unnt á þeim tíma ef frá er talið boð um fyrirvara lausun gerðardóm í kjölfar hins fræga ECOFIN-fundar þar sem niðurstaðan virtist fyrir fram ráðin og Ísland hafnaði. Í þróngri stöðu þar sem við töldum að



efnahagslegu sjálfstæði Íslands væri ógnað var því ítrekað reynt að leysa vandann með samningum.

Samningaleiðin var farin í samræmi við álit meiri hluta utanríkismálanefndar á þeim tíma sem rökstuddi vel þá leið. Í fyrsta lagi voru stjórnvöld sannfærð um að protabú Landsbankans mundi standa undir öllum innstæðukröfum í búið eins og síðar hefur komið á daginn. Í öðru lag var ljóst að pólitísk lausn á þessu málí var beinlínis skilyrði þess að fjárhagsleg fyrirgreiðsla fengist frá þeim ríkjum sem voru reiðubúin að styðja efnahagsáætlun Íslands og AGS. Kjarni þess mats sem lá samningaleiðinni til grundvallar var vel orðaður í ræðu þáverandi formanns utanríkismálanefndar og númerandi formanns Sjálfstæðisfloksins þegar hann mælti fyrir álti nefndarinnar og sagði „að það þurfti

að leita pólitískrar lausnar á vandamálini“ og bætti við „Hagur þess að lausn finnist við samningaviðreður er því ótvíræður.“

Lýðræðið virkaði

Um Icesave risu einar mestu deilur á síðari tínum með okkar ágætu þjóð sem leiddu til þess að hún neytti stjórnskipulegs réttar síns í gegnum þjóðar-atkveði í krafti málskotsréttar forseta til að hafna samningunum. Segja má að stjórnskipun okkar hafi staðist prófið. Lýðræðið, eins og það er útfært í stjórnarskrá landsins, virkaði. Stjórnskipunin reyndist fær um að setja niður deilur og setja Icesave-málið í farveg sem mikil samstaða náðist að lokum um og leiddi til þeirrar farsælu niðurstöðu sem felst í dómnum frá í morgun [mánuðag]. Það er líka gleðiefni fyrir okkur sem þjóð.

Því segi ég: Til hamingju, Ísland!